

8. APR. 2015

Brefalykill: 02.04.00

BARNAVERNDARNEFND BORGARFJARÐAR OG DALA

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2014 -2018

Skv. 9. grein barnaverndarlaga nr. 80/2002 skulu sveitastjórnir marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins og skal hún send til félagsmálaráðuneytisins og Barnaverndarstofu. Í slíkri áætlun skal m.a. koma fram markmið í barnaverndarstarfi, skilgreina þörf fyrir úrræði og kostnað þeirra, mat á starfsmannþörf og hvernig eftirliti barnaverndar með aðbúnaði og uppdisskilyrðum barna er háttað. Þar sem fleiri sveitarfélög standa saman að barnaverndarnefnd er heimilt að gera sameiginlega áætlun.

Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala fer með barnaverndarmál í umdæmi 4urra sveitarfélaga; Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar, Dalabyggðar og Skorradalshrepps. Félagsþjónusta Borgarbyggðar sinnir skv. samningum barnaverndarmálum í Borgarbyggð, Dalabyggð og Skorradalshreppi en Hvalfjarðarsveit ræður starfsmann til að sinna verkefnum.

Starfssvæði nefndarinnar er því mjög dreift og aðstæður ólíkar milli sveitarfélaga. Dalabyggð og Skorradalshreppur kaupa félagsþjónustu af Borgarbyggð, en Hvalfjarðarsveit rekur sína eigin. Skipulagt félagsstarf barna og unglinga er einnig ólíkt á svæðinu og sérfræðiþjónusta við grunnskóla og leikskóla skipulögð með ólíkum hætti. Byggðarkjarnar eru nokkrir: Borgarnes er stærstur, Búðardalur, Bifröst, Hvanneyri, Melahverfi, Reykholt.

Markmið.

Í barnaverndarlögum nr.80/2002 segir svo um markmið barnaverndar í 1. grein: „*Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska.*“ Í annarri grein sömu laga: „*Markmið laga þessara er að tryggja að börn sem búa við óviðnandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppdishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við.*“

Í samræmi við ofanskráð vill Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

- að tryggja að börn sem búa við óviðnandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.
- að barnaverndarmál verði unnin af fagmennsku og hlutlægni með hagsmuni barnsins að leiðarljósi en í samvinnu við foreldra eins og kostur er hverju sinni. .
- byggja þjónustu barnaverndar á trausti, virðingu og sérstöðu hvers og eins sem

þjónustunnar nýtur.

- Styðja fjölskyldur í vanda og grípa til viðeigandi úrræða þar sem þörf er á.
- velferð barna skal ávallt sitja í fyrirrúmi.
- leitast við að tryggja börnum og ungmennum í sveitarfélögunum sem öruggust uppeldisskilyrði
- að stuðla að aukinni árverkni íbúa sveitarfélagsins gagnvart réttindum barna.
- að eiga góða samvinnu við þær stofnanir sveitafélaganna sem vinna að velferð barna

Leiðir

Til að stuðla að því að þessi markmið náist skal hvert sveitarfélag fyrir sig sjá um:

- að fólki sem starfar með börnunum; s.s. í skóla, leikskóla og tómstundastarfi sé reglulega kynnt tilkynningarskylda til nefndarinnar og grunnhugmyndir barnaverndarstarfs. Starfsfólki verði auk þess veitt fræðsla um kynferðislegt ofbeldi.
- að farið verði í grunnskólana og haldnir fræðslufundir með nemendum um ólíkar birtingarmyndir ofbeldis.
- að vinna að forvörnum til að fyrirbyggja að börn lendi í vanda.
- að vinna að forvörnum gegn vímuefnum og hvers konar neyslu sem sem flokkast undir/ eða veldur, áhættuhegðun.
- að stuðla að fræðslu til foreldra til að styrkja þá í uppeldishlutverkinu

Uppbygging barnaverndarstarfs

Barnaverndarnefnd er skipuð fulltrúum þriggja sveitarfélaga af þeim fjórum sem nefndin starfar fyrir.

- 3 fulltrúar Borgarbyggðar
- 1 fulltrúi Dalarbyggðar
- 1 fulltrúi Hvalfjarðarsveitar

Nefndin hefur skv. 14. grein barnaverndarlaga sett reglur um könnun og meðferð einstakra mála hjá starfsmönnum þannig að hluti mála er unninn án aðkomu nefndarinnar sjálfrrar.

Nefndin hefur eftirlit með störfum starfsmanna með því að fá tvisvar á ári á fundum upplýsingar um stöðu mála:

- Fjölda tilkynninga í barnaverndarmálum og ástæður, sbr. sískráningu til Barnaverndarstofu.

- Fjöldi mála þar sem gerðar hafa verið áætlanir skv. 23. grein barnaverndarlaga og fjöldi mála sem er lokið.

Starfsmannaþörf

Mikilvægt er að tryggður sé aðgangur að starfsmönnum til að sinna skyldum sveitarfélaganna í barnaverndarmálum og ná markmiðum áætlunarinnar. Áhersla er lögð á að starfsmenn hafi til að bera faglega þekkingu og kunnáttu.

Áætlaður kostnaður

Hvert sveitarfélag fyrir sig gerir í fjárhagsáætlun ráð fyrir rekstrarkostnaði við barnavernd.

Eftirlit

Eftirlit barnaverndarnefndar með aðbúnaði og uppeldisskilyrðum barna verður fyrst og fremst að fara fram með góðri samvinnu við skóla og aðrar uppeldisstofnanir sem hafa með börn að gera, lögreglu og í raun alla íbúa. Þess vegna er mikilvægt að barnaverndarnefnd, sem og starfsmenn hennar, séu í góðri samvinnu við íbúa og þá aðila sem vinna með börnum og þessir aðilar séu meðvitaðir um tilkynningarskyldu.

Samþykktir:

Samþykkt á fundi Barnaverndarnefndar Borgarfjarðar og Dala 13. janúar 2015.